



Fundur í sveitarstjórn

47. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri, Þórshöfn mánudaginn 23. maí 2016 og hófst kl 17:00.

Mætt voru: Reynir Atli Jónsson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Aneta Potrykus, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson og Nína Björg Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð 838. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 29. apríl 2016**
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- 2. Fundargerð 384. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands, dags. 29. apríl 2016**
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- 3. Fundargerð 17. fundar fræðslunefndar Langanesbyggðar dags. 27. apríl 2016**
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- 4. Fundargerð 12. fundar Landbúnaðarnefndar, dags. 18. apríl 2016**

Liður 1. Fjallskilasjóður

Mikilvægt er að koma á öflugum fjallskilasjóði til að hægt sé að viðhalda girðingum, réttum, aðhöldum og gangnamannakofum.

Landbúnaðarnefnd hefur þegar komið með tillögu um hvernig hægt væri að koma upp öflugum fjallskilasjóð sbr. 6. fund Landbúnaðarnefndar frá 11. mars 2015. Jafnframt lagði Landbúnaðarnefnd til að tekin yrði upp gjaldtaka fyrir fé sem smalast úr nágretta sveitarfélögum og það gjald verði í samræmi fyrir hverja kind í Langanesbyggð. Afar mikilvægt er að koma þessu máli af stað því með hverju árinu sem líður versnar ástandið til muna. Kofar verða ónýtir, heiðargirðing á lokastigi, komið að viðhaldi á nokkrum aðhöldum og Ósrétt þarfnast verulegs viðhalds innan fjögurra ára.

Ef sveitarstjórn hefur aðra tillögu um hvernig hægt sé að útfæra fjallskilasjóð þá óskar Landbúnaðarnefnd eftir upplýsingum um þá tillögu sem allra fyrst.

Bókun:

Sveitarstjórn Langanesbyggðar tekur undir með Landbúnaðarnefnd um nauðsyn öflugs fjallskilasjóðs og felur skrifstofu Langanesbyggðar að útfæra tillögur að breyttu fyrirkomulagi í samráði við fjallskilastjóra og formann Landbúnaðarnefndar.

Samþykkt samhljóða.

Liður 2. Önnur mál – ónýtar girðingar



LANGANESBYGGÐ

Sveitarstjóri minni landeigendur/ábúendur með öðru bréfi á að fjarlægja ónýtar girðingar af jörðum sínum.

Ástand girðinga á jörðum er misjafnt. Víða eru girðingar orðnar lélegar eða jafnvel ónýtar. Slíkt skapar hættu fyrir menn og búfénað og er síður en svo til sóma.

Benda skal á ákvæði girðingarlaga 2001 nr. 135 21. desember en þar segir:

„12. gr. Þegar lögð er girðing af ábúanda fer um skyldur jarðeiganda við burtför ábúandans eftir sömu reglum og um hús á jörðinni sé að ræða, sbr. 16. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976.

Öllum umráðamönnum lands er skylt að hreinsa burtu af landi sínu ónothæfar girðingar og girðingarflækjur. Nú vanrækir umráðamaður lands þessi fyrirmæli í eitt ár eftir að lög þessi öðlast gildi og er þá sveitarstjórn skylt að framkvæma verkið á hans kostnað að fengnu mati búnaðarsambands og á sveitarstjórn þá lögveð í jörðinni fyrir greiðslu kostnaðar. Það sama gildir um eyðijarðir.“

Bókun:

Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að senda bréf og hvetja landeigendur bæði jarða í ábúð og jarða í eyði til að yfirfara girðingar. Séu girðingar á jörðum ekki í lagi, aflagðar eða jafnvel ónýtar verði landeigendum bent á að bæta úr hið fyrsta.

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Björn Guðmundur og Siggeir sitja hjá.

5. Innsent erindi – Bárán KNA veitingar ósk um samstarf – upplýsingaveita og tjaldstæði

Lagt var fram bréf frá Báranni KNA veitingum þar sem óskað er eftir samvinnu. Annarsvegar er óskað eftir samvinnu vegna reksturs upplýsingaveitu til ferðamanna. Í bréfinu kemur fram tillaga að opnunartíma og rekstrarformi ásamt því sem óskað er eftir að staðsetning upplýsingaveitunnar verði færð.

Hinsvegar óska bréfritarar eftir því að fá að taka yfir rekstur tjaldstæðis Langanesbyggðar.

Bókun:

Sveitarstjórn Langanesbyggðar hafnar erindi KNA Veitinga

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Björn Guðmundur og Siggeir sitja hjá.

6. Langanesbyggð – Upphitun og orkugreining

Siggeir Stefánsson lýsir yfir vanhæfi sínu til að fjalla um þennan lið.

Samþykkt samhljóða. Siggeir vísar sæti.

Sveitarstjóri kynnti málið. Uppi eru hugmyndir um að nýta umframorku hjá Ísfélagi Vestmannaeyja til upphitunar hjá Ísfélaginu og Langanesbyggð.

Bókun:

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir fyrir sitt leiti að taka þátt í verkefninu á forsendum sem fram koma í minnisblaði frá EFLU dagsettu 6. maí 2016.

Samþykkt samhljóða.



LANGANESBYGGÐ

Siggeir tekur aftur sæti.

7. Ársreikningur 2015 – Seinni umræða

Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikninga fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess þ.e. A og B hluta, sbr. 60 gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta, þ.e. sveitarsjóðs, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustumiðstöð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Félagslegar íbúðir, Fráveita, Vatnsveita, Hafnarsjóður, Naust og Fræ ehf.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2015 námu rekstrartekjur A og B hluta 741,4 millj. kr. samanborið við 664,4 millj. kr. á árinu 2014. Hækkun milli ára nemur því um 11,6%.

Rekstrargjöld A og B hluta, þ.e. laun og launatengd gjöld, annar rekstrarkostnaður og afskriftir námu á árinu 699,4 millj. kr. en voru 656,7 millj. kr. á árinu 2014. Hækkun frá fyrra ári nemur 6,5%. Laun og launatengd gjöld voru 410,1 millj. kr. árið 2015 samanborið við 376,1 millj. kr. árið 2014. Hækkunin frá fyrra ári nam 9,1%. Annar rekstrarkostnaður nam 236 millj. kr. árið 2015 samanborið við 227,5 millj. kr. 2014. Hækkunin frá fyrra ári nam 3,7%.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld hækka á milli ára. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur A og B hluta árið 2015 voru 33,4 milljónir kr. en voru árið 2014 alls 32,3 millj. kr.

Ebita fyrir árið 2015 var 95,4 milljónir kr. en fyrir árið 2014 var hún 60,8 milljónir kr.

Samkvæmt sjóðstreymisýfirliti ársins 2015 nam veltufé frá rekstri 72,0 millj. kr. samanborið við 30,6 millj. kr. á árinu 2014.

Rekstrarniðurstaða ársins 2015 er því jákvæð um 8,6 millj. kr. fyrir A og B hluta. Rekstrarhalli ársins 2014 var 24,6 milljónir kr.

Skuldahlutfall A og B hluta Langanesbyggðar er í árslok 2015, 81% en var 90% í árslok 2014. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr.138/2011 má skuldahlutfall ekki vera hærra en 150 %.

Ársreikningur 2015 borinn undir atkvæði.

Ársreikningur samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

U-listinn óskar eftir því að gera grein fyrir atkvæðum sínum.

U-listinn samþykkir framlagðann ársreikning fyrir árið 2015 en vill gera athugasemd við viðauka við fjárhagsáætlun sem aldrei komst til endurskoðanda og er því ekki inni ársreikningi vegna 2015. Þessi vinnubrögð þarf að laga og passa að þessir hlutir séu í lagi.

Oddviti tekur fundarhlé 17:25.

Fundur settur aftur 17:39.

Bókun meirihluta sveitarstjórnar:



LANGANESBYGGÐ

Meirihluti sveitarstjórnar telur að bókun U-lista sé byggð á misskilningi og mun óska eftir upplýsingum frá endurskoðendum og upplýsa sveitarstjórn.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar þakkar starfsfólki Langanesbyggðar fyrir þátt þeirra í þeim árangri sem náðist í rekstri sveitarsfélagsins 2015.

8. Eignasjóður – viðhald eigna

Sveitarstjóri fór yfir málið með glærुकynningu og ræddi þau verkefni er liggja fyrir. Unnin hefur verið uppfærð kostnaðaráætlun vegna endurbóta á húsnæði Grunnskólans á Þórshöfn.

Sveitarstjórn áætlað að halda íbúafund í júní þar sem staða mála verði kynnt.

9. Rekstraruppgjör fyrsta ársfjórðungs 2016

Sveitarstjóri fór yfir helstu tölur rekstraruppgjörins.

Rekstrarniðurstaðan er lakari en áætlað var, unnið er að úrbótum.

10. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir framgang verkefna og stöðu.

Tiltektardagur var í þéttbýlum sveitarfélagsins síðastliðinn laugardag og gekk vel. Þáttaka var góð. Í lokin var svo slegið upp grilli.

Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra hefur veitt 300 þúsund króna styrk í verkefnið „Ljósmyndasýning á Heiðarfjalli – herinn og braggalífið“. Styrkurinn er skilyrtur við útprentun mynda og uppsetningu ljósmyndasýningar á Heiðarfjalli.

Ráðnir hafa verið 5 aðilar í sumarstörf við áhaldahús, Þórshöfn. Þrír hafa þegar hafið störf og 2 til viðbótar koma á allra næstu dögum. Auglýst hefur verið eftir umsóknum í vinnuskóla Langanesbyggðar og flokksstjórum.

Sveitarstjóri hefur sent Vegamálastjóra ítrekun á erindi vegna mjög svo þarfra framkvæmda í höfninni sem snúa að því að fjarlægja grynningar í höfninni.

Unnið hefur verið áfram að viðgerðum á húsnæði Grunnskólans á Þórshöfn.

Sveitarstjóri og sveitarstjóri Vopnarfjarðarhrepps áttu um helgina fundi með Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, forsvarsmönnum bremenports og ráðherra hafna- og atvinnumála í Bremen. Fundirnir voru mjög góðir og verða gerð betur skil á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 18:33